

útað skipshliðinni og taka þar við skýrslu skipstjóra og láta þar í tje **18**  
heilbrigðisvottorð; 26. febr.

að það varði ekki við lög, að bátur úr landi eða frá öðru skipi komi að  
aðkomuskipinu, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, ef ekkert er aðgert  
frekara en að hafa tal af skipverjum, en

að það sje lögbrot, ef þeir, er á bátnum eru, hafa frekari viðskipti við  
skipverja, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, og að þá eigi eptir at-  
vikum að fara með bátinn sem aðkomuskip.

**Brjef stjórnarráðsins til beggja amtmannanna um sóttgæzlu- 19**  
**menn.** Ad gefnu tilefni er hjer með bannað sóttgæzlumönnum að leysa 29. febr.  
skipstjóra á aðkomuskipi, nema brýna nauðsyn beri til, undan skyldu þeirri, er  
á þeim hvílir samkvæmt 7. gr. sóttvarnarláganna frá 6. nóvbr. 1902, að ganga  
sjálfir á land og lýsa komu sinni.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar  
og frekari birtingar, og eruð þjer jafnframt umbeðinn að brýna fyrir lögreglu-  
stjórum í ömtum yðar, að gæta þess að banni þessu sje hlýtt, og koma fram á-  
byrgð á hendur þeim, er útaf því kynni að bregða.

## Reglugjörð

um

### hafnsögu á Ísafirði.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 3. okt. f. á., er hjer með eptir tillögum  
bæjarstjórnarinnar á Ísafirði sett eptirfarandi reglugjörð fyrir hafnsögu í  
kaupstaðnum:

#### 1. gr.

Á Ísafirði skal vera einn hafnsögumaður, er landsstjórnin skipar til þess  
eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Landsstjórnin getur þó, ef bæjar-  
stjórnin óskar þess, skipað einn hafnsögumann í viðbót.

Nú veikist eða deyr hafnsögumaður, og skal þá bæjarfógetinn á Ísafirði  
skipa einhvern mann til þess að gegna hafnsögumannsstörfum, til þess er lands-  
stjórnin skipar nýjan hafnsögumann.

#### 2. gr.

Sá, sem er skipaður hafnsögumaður, á að vera fullra 25 ára, laus við  
drykkjuskap, áreiðanlegur og góður verkmaður og einkum vel kunnugur inn-  
siglingunni, svo og þekkja nokkuð til þess, hvernig stjórna skal skipi. Hafn-

**20**

16. febr.